

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Nýtt deiliskipulag. Hóll við Hvilftarströnd, Öfundarfirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 7. janúar 2021, deiliskipulag fyrir jörðina Hól við Hvilftarströnd í Öfundarfirði. Heimilt er til að reisa alls 700 m² byggingar á jörðinni Hóli við Hvilftarströnd ásamt virkjun í Hólsá, uppsett afl er allt að 119 kW. Í tengslum við virkjunina verður reist 30 m² stöðvarhús, lengd aðrennslispípu er 620 m.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 9. júní 2021.

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2021